

Hamar, efnisnáma, Múlaþing

Úttektarskýrsla minjavarðar

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundur
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmyndir
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmynd á forsíðu
Horft til austurs inn námuna

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar.....	4
2.	Niðurstöður	4
3.	Heimildaskrá	5

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
3110

Tilgangur úttektar:
Fyrirhuguð efnistaka úr opinni námu

Staðsetning:
Í landi Hamars, Hamarsfirði, Múlaþingi

Dagsetning vettvangsferðar:
15.09.2023

1. Aðdragandi vettvangsferðar

Minjastofnun Íslands barst ofangreint svæði til umsagnar. Þar sem ekki liggur fyrir skráning fornleifa, húsa og mannvirkja innan svæðisins kynnti minjavörður sér fyrirbyggjandi svæði til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða afgreiða aðal- eða deili-skipulag án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Náman er staðsett vestan við bæinn Hamar, upp á klettarana sem gengur undir nafninu Vindás. Svæðið er nokkuð grýtt. Austan við framkvæmdarsvæðið á hamarsbrún um 70m frá austasta hluta námunnar, er varða. Henni ætti ekki að stafa hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum sökum staðsetningar sinnar. Náman sjálf hefur verið í notkun og er því búið að taka úr henni efni.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið.

2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta innan þess. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva

framkvæmd án tafar. Skál Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangs-könnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

3. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi*. Búnaðar-samband Austurlands.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*.

<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Skipulagsvefsjá Múlaþings.

<https://www.map.is/mulathing>

Sædís Gunnarsdóttir. (2004). *Menningarminjar í Djúpavogshreppi : svæðis-skráning*. Fornleifastofnun Íslands.

Túnakort Hamar. (1920). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Hamars. Skráð af Stefáni Einarssyni. Örnefnastofnun Íslands.